



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. febrúar 2017

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (móðgun við erlenda þjóðhöfðingja), 146. löggjafarþing 2016 - 2017. Þingskjal nr. 160 – 101. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum.

MRSÍ styður framlagt frumvarp og telur að almenn ákvæði sem verndi friðhelgi og æru eigi við þjóðhöfðingja jafnt sem almenna borgara og sé því ákvæði í almennum hegningarlögum, sem snýr að smánun þjóðhöfðingja, óþarft. Þá ber einnig að gæta þess að setja tjáningarfrelsi ekki of miklar skorður líkt og ákvæði sem þetta gerir.

Þá eru, líkt og bent er á í greinargerð með frumvarpi þessu, almenn ákvæði sem taka á skemmdarverkum almennt og er því seinnihluti lagagreinarinnar, líkt og sá fyrri, óþarfur.

Gerir skrifstofan því ekki sérstakar athugasemdir við frumvarp þetta og styður samþykktar þess.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri